

Miðvikudaginn 11. jan. 1933.

Nr. 70/1932. G. M. Havstein

gegn

Garðari Þorsteinssyni, f. h. dánarbús
Chr. Havstein.

Úrskurður hæstaréttar.

Mál þetta var þingfest í októbermánuði f. á., en flutningi þess var þá frestað þar til í þessum mánuði. En er það skyldi fyrirtekið í dag bað áfrýjandi um frest þar til í næstkomandi marzmánuði með því að honum hefði nú nýlega horizt tilboð frá aðstandendum dánarbúsins, sem eru í Kaupmannahöfn, um að jafna ágreiningsefnið án aðgerða dómstólanna og ætli hann að fara bráðlega til Kaupmannahafnar til samninga við hlutaðeigendur. Stefndur hefir ekki mótmælt því, að þetta sé rétt en lengri fresti en fram til loka þessa mánaðar vill hann ekki veita. Með því að hinn umbeðna frest virðist munu þurfa, til þess, að málið mætti verða útljád með þeim hætti, sem áfrýjandi hefir framfært, þykir rétt að veita hann.

Því úrskurðast:

Hinn umbeðna frest skal veita.
